

Viðræður Alþýðubandalags, Alþýðuflokks, Samtakanna og verkalyðshreyfingarinnar:

MIKILVÆGUR ÁFANGI Á LEIÐ TIL VARANLEGRAR SAMTENGINGAR VINSTRIFAFLANNA Á ÍSLANDI

segir Ólafur Ragnar Grímsson, formaður framkvæmdastjórnar Samtakanna

A fundi flokksstjórnar Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, sem haldinn var í byrjun október síðastliðinn, var m.a. ályktað um nauðsyn þess að fylkja saman vinstri öflunum í landinu. Nú að undanförunu hefur ýmislegt gerst, sem hefur einmitt leitt til nánara samstarfs vinstriflokka bæði á sviði stefnumótunar og sameiginlegra aðgerða. Framkvæði að þessari jákvæðu þróun er komið frá forystumönnum verkalyðshreyfingarinnar, og hefur því jafnframt verið um að ræða samstarf pólitískra og faglegra hreyfinga alþýðunnar um bryn málefni launafólks.

I samþykkt flokksstjórnar Samtakanna sagði:

„Upprunalegt meginverkefni Samtakanna, að fylkja saman vinstri öflum í landinu, er óbreytt og tímabærara en nokkru sinni fyrr. Ríkijandi stjórnarfar sanna þá áþreifanlega.

Flokksstjórnarfundurinn heitir því á allt stuðningsfólk Samtakanna að efla starf þeirra og skipulag.

Styrkur Samtakanna getur ráðið úrslitum um það, hvort vinstra fólk í landinu aðnást að ná þeirri samstöðu, sem dugir til þess að hnekkja ríkijandi óstjórn í haldsafa og leggja grundvöll að nýrri sókn félagsbyggjanna í efnahags-, kjara- og byggjamálum.

Flokksstjórnarfundurinn felur framkvæmdastjórn og þingfólki að leita í því skyni með formlegum viðræðum leita til nánari samstarfs og sameiginlegrar stefnumótunar stjórnarandstöðinga innan þings og utan. Niðurstaða þessara viðleitni verði lögð fyrir næsta landsfund Samtakanna til ágreifslu.

Valdaferill ríkisstjórnar í haldsafflanna sanna áþreifanlega, að varanleg samstaða allra vinstri manna er forsenda fyrir því, að á Íslandi verði þjóðfélag jafnaðar, samvinnu og lýðræðis.“

Vaxandi skilningur

Undanfarnar vikur hefur komið fram á ýmsum stöðum vaxandi skilningur á nauðsyn þeirrar samstöðu, sem um er rætt í samþykkt flokksstjórnarfundarinnar. Þetta hefur berlega komið í ljós, t.d. í skrifum Þjóðviljans og Alþýðublaðsins, í samþykkt flokksráðsfundar Alþýðubandalagsins og flokksþings Alþýðuflokksins, og í ræðum ýmissa forystumanna verkalyðsflokka.

Jafnframt hafa birst í fjölmörgum fréttir af samstarfi verkalyðsflokka þriggja — Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins og Samtakanna — og forystumanna verkalyðshreyfingarinnar nú síðustu vikurnar. Þetta hefur bæði komið fram í sambandi við landhelgismálið og eins að því er snertir efnahags- og kjaramál.

Hér er vissulega um mikilvæga og á-nægjulega þróun að ræða. Til þess að fá nánari upplýsingar um gang þessara mála sneru Ný Þjóðmál sér til Ólafs Ragnars Grímssonar, formanns fram-

kvæmdastjórnar Samtakanna, og inntu hann fréttir af því sem gerst hefur.

— Hvað er það í raun og veru, sem hefur verið að gerast í málefnum vinstri manna og verkalyðshreyfingarinnar að undanförunu, Ólafur?

— Að minni álit er það tvennt sem einkennir atburðarásina á þessu sviði nú síðustu vikurnar. Annars vegar er það viðtækar viðræður milli forystumanna verkalyðshreyfingarinnar og forystumanna stjórnarandstöðuflokka, Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins og Samtakanna, sem fyrst og fremst hefur snúist um landhelgismálið og um efnahags- og kjaramál. Hins vegar sú staðreynd, að fram hafa komið margar raddir um það innan stjórnarandstöðuflokka, og verkalyðshreyfingarinnar, að vinstriflokkarnir verði að starfa nánar saman og mynda samfyllingu til sameiginlegrar baráttu.

Rætt um landhelgis-, kjara- og efnahagsmál

— Í hverju hefur þetta samstarf verka lyðshreyfingarinnar og stjórnarandstöðuflokka verið fölgjó?

— Þetta samstarf hefur fyrst og fremst snúist um tvo mikilvæga málefni. Í fyrsta lagi landhelgismálið og baráttuna gegn þeirri samngöngu og undanþágustefnu, sem ríkisstjórnin hefur tekið upp, og hins vegar kjaramálin og efnahagsmálin.

Eins og alkunna er hefur verið stofnuð sérstök samstarfsnefnd til verndar landhelginni, en verkefni nefndarinnar hefur fyrst og fremst verið að berjast gegn samningastefnu stjórnvalda. Þessi nefnd er einkum skipuð fulltrúum verkalyðshreyfingarinnar og stjórnarandstöðunnar. Þessi samstarfsnefnd hefur verið í fararbroddi í þeirri baráttu, sem hafi hefur verið nú að undanförunu gegn undanþágusamningum ríkisstjórnarinnar við útlendinga, en slíkir samningar hljóta að koma beint niður á lífskjörum þjóðarinnar. Við þessa baráttu hafa tengst ýmsir aðilar, sem vilja efla íslenska atvinnuvegi og þjóðlega reisn. Það er alveg ljóst, að þessi baráttu er rétt að hefjast, vegna þess að samningarnir við Vestur-Þjóðverja er einungis upphafið á framkvæmd samningastefnunnar.

Að því er kjara- og efnahagsmálin snertir er öllum ljóst, að núverandi ríkisstjórn hefur ekkert ráðið við þau mál. Efnahagsvandinn er enn meiri nú en hann var fyrir ári síðan. Kjör almennings eru mun lakari en þegar ríkisstjórnin tók við völdum í fyrra, og stórfelld skuldaförnu erlendis hefur sett efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar í verulega hættu. Ástandið er því mjög alvarlegt fyrir þjóðina alla, og þá ekki síst launafólk.

Eins og kunnugt er af fréttum í blöðum hafa viðræður átt sér stað um kjara- og efnahagsmálin milli forystumanna verkalyðshreyfingarinnar og stjórnarandstöðuflokka þriggja, Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins og Samtakanna frjálslyndra og vinstri manna. Fulltrúar þessara aðila hafa átt saman nokkra viðræðufundi, en af hálfu framkvæmdastjórnar Samtakanna hafa þeir Karvel Palmason, Jón Helgason og ég, tekið þátt í þeim fundum.

Þessar viðræður hafa snúist um sameiginlega stefnumótun í kjara- og efnahagsmálum og samráð um þau málefni milli þessara aðila. Viðræðurnar eru ávitað upplýsingar á þeirri staðreynd, að það er nauðsynlegt að tengja saman til baráttu verkalyðsflokka og verkalyðs-

hreyfinguna ef árangur á að nást í formi varanlegra kjarabóta.

Mikilvægur áfangi

— Síðustu vikurnar hefur þá átt sér stað umtalsverð þróun í átt til nánara samstarfs vinstriflokka þriggja?

— Já, það er tvímælalaust meginbreytin í íslenskum stjórnmálum nú að undanförunu, að þessir þrjú flokkar — Alþýðubandalagið, Alþýðuflokkurinn og Samtökin — sem aðhyllast félagsbyggju og vinstristefnu, hafa tekið höndum saman,



Ólafur Ragnar Grímsson

og að þetta samstarf er stutt af fjölda-hreyfingu fólksins, verkalyðssamtökum. Þetta samstarf hefur bæði beinst að sameiginlegri stefnumörkun og sameiginlegum aðgerðum út á við gegn samningastefnu ríkisstjórnarinnar í landhelgismálinu. Þessi þróun sýnir greinilega, að það er aukinn vilji til samstarfs þessara flokka, og meiri möguleika á að koma á nánari böndum þeirra á milli en verið hefur. Þessar viðræður eru því vissulega mikilvægur áfangi á leiðinni til varanlegrar samtengingar vinstri manna.

— Hver finnst þér vera viðbrögð vinstri manna almennt við þessari þróun máta?

— Eg tel tvímælalaust að meðal vinstri manna almennt sé mikill hlómorunnur fyrir nánara samstarf og samtengingu vinstriflokka landinu. Eg varð t.d. mjög var við þetta á fundum, sem ég hélt á Austurlandi nú fyrir skömmu. Þar kom það skýrt fram hjá mönnum, hvort sem þeir voru nú í Alþýðubandalaginu, Alþýðuflokknum eða Samtökunum, að ástandið í landinu væri nú svo alvarlegt, að þessir flokkar yrðu að starfa saman og tengjast nánari böndum. Það var efnið af mikili áhugi fyrir alþýðuna í landinu til þess að gömul sundrunarefni mættu standa í vegi fyrir nánara samstarfi verkalyðsflokka. Og það var óarlega í hugum margra, með hvaða hætti væri hægt að breyta þeirri skipan, sem ríkt hefur á vinstri vængnum, þ.e. skipting vinstri manna í ólíkar baráttueiningar, þannig að kræftir þeirra nýttust sem best í baráttunni fyrir hugsjónum sósíalisma og þjóðfrelsis og gegn þeim öflum, sem leitt hafa núverandi efnahagsöngþveiti yfir þjóðina.

Forsenda varanlegra kjarabóta

— Er þessi jákvæða þróun á vinstri væng íslenskra stjórnmála í einhverju sam-

hengi við síversnandi ástand efnahags- og kjaramála?

— Það er vafalaust rétt, að á tímum velmegunar eru menn almennt ekki eins opinir fyrir nauðsyn samstöðunnar eins og þegar harðna fer í ári.

En núna, þegar við völd er ríkisstjórn, sem stýst við og eflir hagsmunum helstu peningamanna landsins, sem lætur fyrirtæki þessara manna fá stórgroða en sleppa jafnframt við að greiða skatt, sem sýnir undanlátsemi og undirlægjuhátt í sjálfstæðismálum þjóðarinnar, ekki aðeins í landhelgismálinu heldur einnig í öðrum sjálfstæðismálum, og sem stófnar efnahagslegu sjálfstæði íslensku þjóðarinnar í stórhættu, þá standa vinstri menn frammi fyrir mun alvarlegra verkefni en þeir hafa gert um langan tíma. Þar fer saman baráttan fyrir efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar, baráttu gegn flurilgri tilferslu fjármagns frá almenningi í landinu til auðmannanna, og baráttu fyrir mannsæmndi lífskjörum launafólks, sem að undanförunu hefur ávallt mátt forna hluta af sínum kjörum þegar stendur tekur efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar hafa dunið yfir. Enda tel ég að þróunin síðustu vikurnar hafi sýnt að forystumenn verkalyðshreyfingarinnar og vinstriflokka hafi gert sér ljósa grein fyrir því, að án pólitískrar samstöðu Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins og Samtakanna sé vonliðið að ná varanlegum kjarabótum. Að samstaða þessara aðila sé í reynd forsenda umtalsverðra og varanlegra kjarabóta.

Það er því að skapast grundvöllur þess, að á næstu misserum sé hægt að efla skilning á því, að varanleg pólitísk samtenging þessara aðila sé eina verulega tryggingin, sem menn hafa fyrir því að í-haldið á Íslandi geti ekki á næstu áratugum haft þá oddaðstöðu í íslenskum stjórnmálum, sem það hefur haft síðustu áratuginu, og skiptir í því efni engu máli hvort þar er um að ræða íhaldið í sjálfstæðisflokknum eða Framsóknarflokknum, eða jafnvel þeim báðum samtímis eins og nú á sér stað: Slík varanleg samstaða hlýtur að grundvallast á pólitískri samtengingu þessara flokka og stuðningi og nánum tengslum við þær fjölda-hreyfingar, sem þeir stýjast við, þ.e.a.s. verkalyðshreyfinguna og aðrar launþega-hreyfingar, félagsnáinna bændur og röt-tækja samvinnumenn.

Það verkefni, sem við okkur blasir á næstu mánuðum, er að vinna að því, jafnhliða baráttunni fyrir okkar meginstefnumálum og gegn ráðandi öflum í stjórn landsins, að tengja vinstri vinstrikinguna saman í varanlega baráttusveit.

Aðeins upphafsskref sem erfitt er að spá um til hvers leiðir

— Ert þú bjartsýnn á að það takist? — Það er auðvitað mjög erfitt að spá um slíkt. Það, sem gerst hefur að undanförunu, er mikilvægt. En þar er einungis um upphafsskref að ræða, sem erfitt er að segja fyrir um til hvers muni leiða.

En rétt er að hafa í huga, að oft hefur verið þörf en nú er nauðsyn, bæði vegna alþýðunnar í landinu og efnahagslegs sjálfstæðis þjóðarinnar, að vinstri menn teki varanlegum böndum og myndi — jafnt á pólitíska sviðinu sem á vettvangi launþega — öflugra baráttusveit, sem sé þess megnug að sigrast á ofurvaldi í-haldsafflanna, — sagði Ólafur Ragnar Grímsson að lokum.